Lítil mús kom út úr húsi.
Lítil mús kom út úr þúfu.



5. Músin fór og náði í lyf.
Músin fór og náði í lýsi.
Músin fór og náði í mat.

Sámur og dúfan.

Það var sól og sumar.
Sámur lá úti á túni.
Sámur sá dúfu.
Sámur sá dúfu í neti.
Sámur sá að dúfan var
vafin í netið.
Sámur sá að dúfan
gat ekki losað sig.
Sámur beit var-lega í netið.
Sámur beit var-lega í dúfuna.
Sámur losaði dúfuna úr netinu.
Dúfan var dösuð.
Dúfan var dauf og dösuð.
Sámur bar dúfuna var-lega heim.
Sámur bar dúfuna heim að bæ.
Sámur lét dúfuna á þúfu.
Þar lá dúfan á meðan hún var að ná sér.
Þegar dúfan var búin að ná sér,
leit hún á Sám.
Hún sá að Sámur var góður.
Þá fór hún að leika sér við Sám.
Sámur og dúfan eru góðir vinir.



Ef þú hefur lesið söguna vel þá veistu, hvaða orð vantar. Skrifaðu þau á sinn stað:

Sámur sá dúfu í _____.

Sámur beit í _____.

Sámur losaði dúfuna úr _____.

Fyrsta stafinn vantar. Það er d eða b. Finndu rétta stafinn og þá skilurðu orðin.

__ók

__ís

__ós

__að

__ali

__or

__ára

__ula

__áti

__útur

__örur

__alur

__úfa

__olur

__iti

__æmi

__agur

__aukur

__átur

__íki

__oli

__óla

__ær

__ak




Kári á góða bók.
Bókin er um dýr.
Kári lánar Báru bókina.
Bára hefur gaman af bókinni.
Það er saga í bókinni.



Sagan er um mús.
Bára les söguna um músina.
Bára hefur gaman af
sögunni um músina.
Bára segir Ara söguna af músinni.



Það er vísa í bókinni.
Vísan er um lóu.
Bára les vísuna um lóuna.
Bára hefur gaman af
vísunni um lóuna.
Bára heyrir í lóunni úti í móa.



Nýtt: -nn — í greini.

Eyðufylling: greinir.

Finndu stafina sem vantar og skrifaðu þá á strikin.

Lestu söguna hér á undan betur ef þú ert í vandræðum.

Kári á góðu bók__ __ __.

Það er saga í bók__ __ __ __,

og það er vísa í bók__ __ __ __.

Bára les sögu__ __.

Bára les vísu__ __.

Bára les um mús__ __ __.

Bára les um lóu__ __.

Bára hefur gaman af sögu__ __ __.

Bára hefur gaman af vísu__ __ __.

Bára segir Ara sögu__ __ af mús__ __ __ __.

Bára heyrir í lóu__ __ __.

Vísa__ var um lóu.

Saga__ var um mús.

Lóa__ var í móa.

Mús__ __ er lítið dýr.

Folinn minn heitir Mósi.
Ég lána ekki folann minn.
Folinn minn og ég erum góðir vinir.

Áðan fór ég út og náði í folann minn.
Ég gaf folanum mínum mola.
Folanum þykir molinn góður.



Ég á annan mola.
Ég læt molann í vasann á buxunum.
Folinn þefar af vasanum.
Folinn reynir að ná molanum.
En vasinn er lokaður með tölu.
Folinn nær ekki molanum úr vasanum.

Ég fer á Mósa mínum út í móa.
Móinn er fyrir utan tún.
Ég þeysi um móann á Mósa mínum.



Ég fer af baki og Mósi fær að bíta.
Mósi minn fær að bíta í móanum.
Ég fer vel með Mósa minn.

Nýtt: minn.

Eyðufylling: greinir.

Finndu stafina sem vantar og skrifaðu þá á strikin.

Lestu betur söguna hér á undan ef þú ert í vandræðum.

Foli__ __ hleypur um móa__ __.

Ég á fola__ __.

Ég sit á fola__ __ __.

Ég á mola í vasa__ __ __.

Vasi__ __ er lokaður.

Ég næ í mola__ __ í vasa__ __ __.

Foli__ __ á að fá mola__ __.

Foli__ __ þefar af mola__ __ __.

Fola__ __ __ þykir moli__ __ góður.

Mósi bítur í móa__ __ __.

Mói__ __ er fyrir utan tún.

Ég fer um móa__ __ á Mósa.

Foli__ __ í móa__ __ __.

Moli__ __ í vasa__ __ __.

Vasi__ __ á bux__ __ __ __.

Mói__ __ fyrir utan tún.

Veiðiferð. Gerðu hring um orðin sem eru eins og það fremsta í hverri línu.

og	og	gé	ég	og	go	ég	og	ge	go	og	ég
að	að	óð	ið	að	áð	óð	ið	að	eð	ið	að
við	við	voð	víð	við	vöð	víð	við	voð	við	voð	við
er	er	en	re	er	úr	en	er	re	en	úr	er
var	var	vor	vír	var	vor	var	vír	ver	var	vor	vír
ég	ég	og	gé	og	ég	go	ég	og	gé	ég	og
það	það	þið	þáð	það	þið	það	þáð	það	þið	það	þið
hann	hann	hinn	hann	henn	hinn	hann	hinn	henn	hinn	hann	hinn
sem	sem	söm	sum	sem	sæm	sëm	sum	sæm	sem	söm	sum
til	til	tal	lit	tól	til	tal	lít	til	tel	til	tól
af	af	fá	ef	af	fá	fé	af	ef	af	æf	ef
hún	hún	hin	han	hún	hin	hún	han	hin	hún	hin	han
nú	nú	ná	án	ní	nú	ná	nú	en	ná	nú	né
með	með	mið	móð	með	máð	mið	með	móð	með	mið	móð

- Bls. 28 Lestraræfing. Nýtt: þ. Athuga ruglun á þ og ð.
- 29 Athyglisæfing og eyðufylling, stafirnir þ og ð.
- 30 Lestraræfing. Nýtt: ey, tvípunktur.
- 31 Lestrar- og athyglisæfing. Myndirnar tölusettar í samræmi við setningarnar.
- 32 Lestraræfing. Nýtt: k.
- 33 Eyðufylling, beygingarmyndir. Látið börnin gera hring um hvert notað orð í römmunum.
- 34 Lestraræfing. Nýtt: t.
- 35 Eyðufylling, harðmælisæfing t.
- 36 Lestraræfing. Nýtt: p.
- 37 Eyðufylling, harðmælisæfing p.
- 38 Lestraræfing. Nýtt: uppgómmælt g-önghljóð. Ath. hér gefst tækifæri til þess að kenna börnunum að þekkja húsamús frá hagamús.
- 39 Lestrar- og athyglisæfing. Já eða nei.
- 40 Lestraræfing. Nýtt: y.
- 41 Lestrar- og athyglisæfing.
- 42 Lestraræfing.
- 43 Eyðufylling, orð og stafirnir b eða d.
- 44 Lestraræfing, kvenkynsorð með greini. Nýtt: -nn- í greini. Setjið textann greinislausan á töflu og sýnið mismuninn.
- 45 Eyðufylling, kvenkynsgreindir í nokkrum föllum.
- 46 Lestraræfing, karlkynsorð með greini. Nýtt: orðmyndin minn.
- 47 Eyðufylling, karlkynsorð með greini í nokkrum föllum. Æfið hljóðskyn barnanna, kennið þeim að hlusta eftir mun á einum og tveimur samhljóðum í enda orðs.
- 48 Veiðiferð. Orð með mikla tíðni í málinu samkvæmt rannsókn Ársæls Sigurðssonar.

1. útgáfa 1972

1976 2. prentun

1983 3. prentun breytt til samræmis við gildandi reglur um stafsetningu.

1986 4. prentun

1988 5. prentun

1989 6. prentun

Prentun: Prentúsið sf.

TIL KENNARANS

Þetta hefti af lestraræfinga- og vinnubókinni **Leikur að orðum** er gert til stuðnings 1. heftinu og til þess að undirbúa barnið enn betur áður en það tekst á við samhljóðasamböndin í næsta hefti. Samhljóðasamböndin eru ungum lesendum oft örðugur hjalli.

Í þessu hefti er notkun upphafsstafa æð ýtarlega í léttum tengingum.

Málfræðikunnátta, sem börn ómeðvitað búa yfir, er prófuð og treyst með einföldum æfingum, t. d. eintala og fleirtala, greinir og mismunandi beygingarmyndir orða án þess þó að orðið málfræði sé nokkru sinni nefnt.

Að sjálfsögðu eru á hverri vinnublaðsiðu fyrirmæli um vinnubrögð sem ætlast er til að kennari hjálpi börnunum að skilja ef þörf krefur.

Einnig er sérstakur þjálfunatriðalisti. Að þessu hefti loknu ætti leiðin gegnum næsta hefti að vera greiðfær.

HÖFUNDAR



Höfundar

Rannveig Löve

Þóra Kristinsdóttir

Teikningar

Ólöf Knudsen



Leikur að orðum

Upprifjunar- og vinnubók í lestri

3.hefti

ÞJÁLFUNARATRIÐI — LEIÐBEININGAR

- Bls. 1 Veðiferð. Þetta blað er ætlað til að æfa einstaka stafi og má nota það þegar þörf krefur hversu langt sem komið er í bókinni. Dæmi: Barnið þekkir t. d. ekki örugglega b, þá dregur það hring um öll b, sem það finnur, annaðhvort í einni línu eða á öllu blaðinu eftir því sem kennarinn ákveður. Gott er að nota mismunandi liti ef um fleiri en einn staf er að ræða. (Sjónskynsæfing).
- 2 Æfður er stór stafur samkvæmt stafsetningarreglum.
 - 3 Lestraræfing og framhaldsæfing í notkun stórra stafa. Ath. undirstrikuðu orðin.
 - 4 Æft stutt sérhljóð. Sérhljóð eru alltaf stutt á undan tvöföldum samhljóða. Við höfum kallað slík orð **klapporð**. Látið börnin klappa um leið og þau segja orðin.
 - 5 Lstrar- og rimæfing. Börnin skrifa rímorðin á línurnar.
 - 6 Æfing í að hlýða fyrirmælum. Þekkir barnið litina?
 - 7 Sjá 4. bls.
 - 8 Lstrar- og athyglisæfing. (Lesið í hljóði).
 - 9 Athugið hvort barnið ruglar saman b og d.
 - 10 Lstrar- og athyglisæfing.
 - 11 Æfð samhljóðasamböndin sv og st með eyðufyllingu og lestrartexta, já eða nei spurningar.
 - 12 Æft samhljóðasambandið sk, sbr. 11. bls.
 - 13 Athugað hvort barnið ruglar saman t og d, p og b, k og g. Æfður framburður orðanna til undirbúnings réttri stafsetningu.
 - 14 Æfð samhljóðasamböndin sn og sp.
 - 15 Æfð samhljóðasamböndin sl, sj og sm,
 - 16 Lstrar-, skilnings- og athyglisæfingar. Gátur.
 - 17 Æft hv. Kenndar orðmyndirnar hvar, hver, hvað.
 - 18 Æft framgóms g og k. Eyðufylling. Spurt og svarað.
 - 19 Æfð samhljóðasamböndin lj og fj.
 - 20 Æfður gagnrýnislestur.
 - 21 Æfð samhljóðasamböndin bl og br.
 - 22 Æfð samhljóðasamböndin fl og fr.
 - 23 Lstrar-, skilnings- og skriftaræfing. Gátur.
 - 24 Æfð samhljóðasamböndin mj og hj. Athugið orðið **mjólk** vegna samhljóðasambandsins mj og lk, vel þekkt og mikið notað orð.
 - 25 Æfð samhljóðasamböndin þv, þr og þj.

Framh. á 3. kápusíðu.

Við förum í veiðiferð:



a e s r f á t y h g r o ó j b d n p m
o a r d æ e t v h í j s n m u k ö é l
d e g ú n s j y r o k n h g p l b ó e
r t u h í a d f s i g b u l n h þ k m
p v þ é æ o l d j r n k í f g ð b ó p
r f b s m d v ú i l r æ d m p f h k d
b d h þ s k p a b ó g j u ð s f r p o
d s l á f j g h m y e b t p d k ú n é
d o e j g k m h n u p v r f b þ j o l
d s l æ b d u n p þ s r b j f é k ó í
a d e s l m h u b p t d v f n þ p g í
j g f p o ó s æ f d p þ b v n h l u ú
o þ ð t p ð o i l í u n h m m j g b p
é á u k r i l æ p t g þ ð ú o ö s n g

Skriðu rétt nöfn við myndirnar. Hafðu fyrsta stafinn stóran:

Hér er bær afa.

Hann heitir Hof.

Daði fær að vera á Hofi í sumar. _____



Á Hofi eru ýmis dýr.

Hér er Kolur.

Hann er með bein. _____



Hér er líka hún Píla.

Píla lepur úr fati.

Píla og Kolur eru vinir. _____



Búbót er góð kýr.

Daði rekur Búbót út í móa.

Hér er Búbót að bíta í móa. _____



Mósi og Daði eru vinir.

Daði fer á bak Mósa

og Mósi ber Daða á bakinu.

Hér eru Daði og Mósi. _____



Daði leikur sér

við dýrin á Hofi.

Það er sumar og sól

og gaman að vera á Hofi.

Hér er Daði. _____



Skrifaðu rétt nöfn undir myndirnar. Athugaðu vel fyrsta stafinn:

Einar og Auður
eru að fara út að aka
með pabba og mömmu.



Þau aka niður götuna sína.
Gatan heitir Marar-gata.
Þar eru fá hús.
Marar-gata er lítil gata.

Einar og Auður,
pabbi og mamma
aka út fyrir bæ.
„Hér er Árbær,“ segir pabbi,
„og hér förum við út.“



Það er gaman að koma að Árbæ.
Þar eru gömul hús.
Einar og Auður fóru í húsin
með pabba og mömmu
og pabbi sagði þeim
hitt og þetta um húsin sem þau sáu.



Úti var sól og hiti.
Pabbi og mamma fóru í sólbað
en Auður og Einar
léku sér á túninu við Árbæ.

Rím. Skrifðu stafina sem vantar:

Við lesum um Hönnu.

Hún er með k_____.

Þá sér hún Gunnu

sem situr á t_____.

Gunna er í sokkum,

með hárið í l_____.

Hún býr út pakka

og lætur á b_____.

Dúfan hún Doppa

er úti að h_____.

Og þar er hann Lappi.

Hann er á v_____.

Doppa er að kurra

og Lappi að u_____.

Hann beit í rottu

sem lá bak við m_____.

Og rottan var hissa

rófuna að m_____.



Hanna og Gunna
eru að fara út að leika sér
í búinu sínu.


Búið er á bak við hús.
Gunnar fer út með bakka.
Á bakkanum er dótið hennar.

Hanna fer út með pakka.
Í pakkanum er hennar dót.
Þær taka dótið af bakkanum
og úr pakkanum
og raða og raða.



Þá kom Lappi.
Lappi er leiður,
hann vælir og urrar.

Þá sá hann dúfuna Doppu á vappi.
Doppa kurrar en Lappi urrar.
Hann hoppar á Doppu.




„Ó, ó,“ sagði Gunna,
„Lappi má ekki meiða Doppu.“
Hanna lét þá Doppu í dúfu-búrið
en Gunna rak Lappa heim.

Reyndu að finna orð sem ríma á móti þessum:

takki _____

murrar _____

loppa _____



Hér er húsið hennar Dísu.

1. Settu dyr á húsið hennar.
2. Litaðu þakið rautt.
3. Litaðu nú húsið með gulum lit.
4. Búðu til rólu við húsið.
5. Búðu til fána við húsið.
6. Settu sól á himin-inn.
7. Litaðu túnið.

Rím. Skrifaðu stafina sem vantar:

Magga fann legg
úti við v_____.

Gunna sá Möggu
og gaf henni v_____.

Þær mæta Öddu.
Hún var með p_____.

Hadda kom með Guddu.
Gudda á fína b_____.

Adda, Hadda og Gudda
fóru út í s_____.

Þær sáu Tobba.
Hann var í b_____.

Þau fóru út að labba
og saman að r_____.

Þá sáu þau tudda.
Hann var að éta r_____.

Og þau mættu mömmu.
Hún var á leið til ö_____.



Þú skalt lesa þetta tvisvar:

Didda er lítil,
hún er að væla.
Didda tefur mömmu.
Mamma er að baka.
Mamma biður Möggu
að passa Diddu.
Magga fór með Diddu niður að læk.
Þar hittu þær Siggu og Kobba.
Þau voru að vaða.
Magga og Didda fóru líka að vaða.
Didda datt á bossann í lækinn.
Þá fór Magga með Diddu heim.
Mamma var búin að baka.
Hún gaf Möggu og Diddu köku.



Dragðu strik undir það sem rétt er:

Magga tefur mömmu.
Mamma var að baka.
Didda datt á bossann.
Mamma gaf Möggu köku.

Didda er að væla.
Mamma var að vaða.
Sigga fór heim.
Didda er lítil.

Skrifaðu b eða d þar sem það vantar:



__ók



__ós



__að



__yr



__úfa



__ali



__ón



__ót



__átur



__er



__ál



__ær



__úr



__ís



__er



__ót

__alur

__íti

__úðir

__æmi

__óla

__ula

__úkur

__ora

__ara


__oli

__íta

__aka

Skrifaðu rétta tölu við myndirnar:

1. Mamma og Anna eru að fara í búðir. Anna á að fá ný föt. Hún á að fá kápu og hún á að fá húfu.



2. Anna á aura í dós. Hún má kaupa fyrir aurana sína. Hún sá rauða rós. Anna kaupir rauða rós fyrir mömmu.



3. Nú mæta Anna og mamma Unu og Kötu. Una er mamma Kötu. Una og mamma eru vin-konur. Kata og Anna eru líka vin-konur.



4. Una og Kata eru líka að kaupa föt. Una kaupir sokka á Kötu og hún fær líka peysu. Anna og Kata eru kátar. Þær fara heim í sama bíl.



Hér vantar einn staf í hvert orð.
Horfðu á myndirnar og þá veistu
hvaða staf þú átt að skrifa.



s__ín



s__anur



s__ipa




s__eit



s__ofa



s__él



s__aur



s__afur



s__ýri

Hann Steini á heima uppi í sveit.
Sveitin heitir Heiðar-dalur
en bærinn heitir Svana-staðir.

Á Svana-stöðum
eru bæði ær og kýr.
Þar er líka foli sem Steini á.
Folinn heitir Svanur.
Svo eru þar 10 hænur
og 1 stór hani.
Stóri haninn með stóra stélið
heitir Toppur.

Einu sinni stóð Toppur
uppi á staur og galaði á Svan,
en Svanur stappaði niður
stóru hófunum sínum
svo að Toppur með stóra
stélið hætti að gala.

Já eða nei:

Á Svanur svipu? _____

Er Svanur með stél? _____

Á Steini svipu? _____

Stóð Toppur á staur? _____

Notar Steini svipuna sína? _____

Stappaði Svanur niður fótunum? _____

Hér vantar einn staf í hvert orð.
Horfðu á myndirnar, þá veistu
hvaða staf þú átt að skrifa.



s__ór



s__ápur



s__úta



s__óli



s__ál




s__áti



s__úfur



s__autar



s__úffa

Hann Skúli er skáti.

Það er gaman að vera skáti
og Skúli er í góðu skapi.

Nú er Skúli að fara á skauta
með skátunum.

Skúli nær í skautana sína
inn í skáp.

Svo nær Skúli í húfuna sína
ofan í skúffu.

Húfan er fín með skúf.

Það er skauta-húfan hans Skúla.

„Skúli minn,“ segir mamma,
„fáðu þér nú skyr í skál.“

Og Skúli fær sér skyr í skál
og skóf svo skálina vel.

„Þetta var gott,“ segir Skúli.

„Þakka þér fyrir, mamma mín.“

Og svo skokkaði Skúli kátur
út með skautana sína.

Já eða nei:

Á mamma húfu með skúf?

Fór Skúli á skauta?

Fóru skátar á skauta?

Gaf Skúli mömmu skyr?

Skóf Skúli skálina sína?

Hér vantar einn staf. Finndu rétta stafinn og skrifaðu hann á sinn stað:



fa__a



þo__a



vi__i



nó__a



ja__a



ga__a



li__ir



bá__ur



pí__a



ká__a



a__i



næ__a



sá__a



lo__i



só__ur



kó__ur



po__i



ha__i



ja__i



kö__ur



dú__ur



sy__ur



bau__ur



rey__ur

Skrifaðu stafinn sem vantar:



s__úður



s__aði



s__ara




s__il



s__ýta



s__eið



s__úra



s__or



s__uð

Stína og Skúli eru að spila.

Þau eru að spila maríás.

„Átt þú spaða?“ spyr Stína.

„Það segi ég ekki,“ svarar Skúli.

„Jæja, þá spara ég spaðann,“ segir Stína.

„Ég spái að ég vinni spilið,“ segir Skúli og lætur út spaða-gosa.

„Nú sneri ég á þig,“ segir Stína og snarar út spaða-ás.

„Þú snuðar,“ segir Skúli og snýr upp á sig.

Þá kom mamma

með kökur og snúða á fati.

„Svona, svona,“ segir mamma,

„fáið ykkur nú köku-sneið og snúð og verið svo vinir.“

Dragðu strík undir það sem rétt er:

Mamma var að spila maríás.

Stína gaf Skúla snúð.

Stína og Skúli voru að spila maríás.

Skúli gaf Stínu köku-sneið.

Stína snaraði út spaða-ás.

Skúli sneri upp á sig.

Mamma sagði : „ Verið vinir.“

Skrifaðu stafina sem vantar:

Fylltu í eyðurnar:




s__eði




s__iður



s__ekkur



s__ö



s__ór



s__átur



s__eif



s__al



s__ali

Smári er tíu ára.

Hann kann að smíða.

Sjana er sjö ára.

Hún kann ekki að sm_____.

Smári var að smíða sleða fyrir Sjönu.

„Sjáðu nú, Sjana mín,“ sagði Smári,

„nú er ég búinn að sm_____

þennan líka fína sl_____ fyrir þig.“

Mamma kom út til Smára og Sjönu.

„Mamma, sjáðu sleðann minn,“ sagði Sjana.

„Já,“ sagði mamma, „Smári er góður smiður.

En ég var að sjóða slátur

og ef þið komið inn fáíð þið heitt sl_____.“

Sl_____ er góður matur.

Sjana og Smári fóru inn

og mamma gaf þeim heitt sl_____.

„Ég má ekki slóra,“ sagði Smári.

„Nú er ég að smíða sleif fyrir mömmu.

Mamma á skilið að fá

stóra, fína sl_____,

hún býr til svo gott sl_____.“

Smári gaf Sjönu _____.

Mamma gaf Smára og Sjönu _____.

Smári smíðar _____ fyrir mömmu.

Dragðu strik að réttri mynd:

Ég hef eyru
en heyri ekki.



Ég er gul og heit,
ég skín og lýsi þér.



Þú setur mig á sjó
og mér er róið með árum.



Við erum á fótum þér.
Ef þú telur okkur erum við tíu.



Þú lætur fötin þín inn í mig,
ég passa þau fyrir þig.



Ég er með hár og haus
og þú sópar með mér.



Mamma þín notar mig
þegar hún eys súpu.



Þú setur okkur á fætur þér,
þá rennur þú vel á ís.



Þegar ég tala
heitir það að gala.



Lærðu orðin í römmunum, lestu svo söguna og svaraðu spurningunni:

hvar

hver

hvað



„Hvar er hvíta músin mín?“ sagði Dísá.
Hvíta músin var vön að vera í búrinu sínu.
„Hvað er þetta?“ sagði mamma.
„Hvar er músin núna?
Hver hefur lokið upp búrinu hennar?“
„Hvar á ég að leita?“ sagði Dísá.

Mamma lauk upp hveiti-skúffunni.
„Nei, hvað sé ég hér?“ sagði mamma.
„Sjáðu, Dísá, hér er hvíta músin
í hveiti-skúffunni minni.“
„Hvað er að sjá þetta?“ sagði Dísá.
„Nú er hvíta músin mín
út-ötuð í hveiti og búin að
éta yfir sig af hveitinu.
Nú tek ég þig, músar-tetur,
og læt þig í búið þitt,“ sagði Dísá.



Hvar var hvíta músin vön að vera? _____

Hver átti hvítu músina? _____

Hvað át músin? _____

Æfðu þig að lesa orðarununa, lestu sögurnar, fylltu í eyðurnar og svaraðu spurningunum:

gefa
gefur
geta
getur
gær
geit
gæf
gælir
gera
geð
gæs

Ég sá geitina hans Geira í gær.
Geitin hans Geira er gæf og góð.
„Er geitin þín _____ og góð?“ segir Steina við Geira.
„Já, _____ mín er _____ og góð,“ segir Geiri.
Geiri gefur geitinni sinni góða tuggu
en Steina _____ geitinni mola.
„Getur þú gætt að geitinni fyrir mig?“
segir Geiri við Steinu.
„Já, það _____ ég vel,“ segir Steina.
Og Steina gælir við geitina hans Geira.



ker
keri
kem
kemur
kæn
kæna
kisa
kæra
kæla
kæfa
kenna

Kæna kisa situr
á keru úti í sól.
Hún Kata á kænu kisu
en kisa á annað ból.
„Nú kem ég,“ segir Kata,
„ég kem að ná í þig.“
En kæna kisa lætur ekki
Kötu ná í sig.
„Ég kann að vara mig,“ segir kisa.

Hvað gaf Geiri geitinni? _____
Hver gætti að geitinni hans Geira? _____
Hvar sat kæna kisa? _____
Hver kom að ná í kisu? _____

Skrifaðu stafina sem vantar:



l__ón



f__óla



l__ós



f__öður




l__ár



f__órir



f__öl



f__ara

Fjalar og mamma fóru niður í fjöru.

Þar fann Fjalar fjórar finar fjalir —

og eina stóra fjöður.

Það var fjöður af svani.

„Ég læt þessa finu fjöður á eina fjölinu

og hef hana fyrir bát,“ sagði Fjalar.

Svo lét Fjalar fjölinu á sjóinn.

Fjölin fór út á haf

en Fjalar og mamma fóru heim.

„Fjalar minn er ljúfur stúfur,

hann er ljós á húð og hár,“ segir mamma.

Fjalar kann að lesa.

Nú er hann að lesa um ljónið.

Ljónið kann ekki að lesa.

Ljónið kann að urra.

„Sjáðu, mamma,“ sagði Fjalar,

„hér er ljóð um ljónið.

Ég skal lesa það fyrir þig.“

Og Fjalar las ljóðið um ljónið fyrir mömmu.

Dragðu strik undir það sem rétt er:

Fjalar sá ljós úti á sjó.

Fjalar las ljóð um ljón.

Mamma fann fjórar fjalir.

Fjalar fann fjöður af svani.

Mamma og Fjalar fóru niður í fjöru.

Skrýtnar spurningar.

Svör já eða nei:

1. Hefur svínið fimm fætur? _____
2. Sjáum við mánann um nætur? _____
3. Getur þú séð með nefinu? _____
4. Heyrir þú með eyrunum? _____
5. Getur þú saumað með nál? _____
6. Eru tómatar hvítir á litinn? _____
7. Hefur þú skó á fótunum? _____
8. Getur þú baðað þig í skál? _____
9. Getur kýrin galað? _____
10. Getur þú saumað með sleif? _____
11. Átt þú heima í húsi? _____
12. Er kisa dýr? _____
13. Getur hæna baulað? _____
14. Getur þú lesið í bók? _____
15. Getur þú talað með tánum? _____
16. Getur þú setið á stól? _____
17. Eru bækur úr pappír? _____
18. Erum við í skóla á nóttunni? _____


Skoðaðu myndirnar, lestu svo orðin og skrifaðu þau við réttar myndir.

_____		blað		_____
_____		blóm	_____	_____
_____		blek		_____
_____		brúða		_____
		bréf		
		brú		

Bína var úti með brúðuna sína.
Það var sumar og sól og heið-blár himinn.


Brúðan hennar Bínu var fín,
blússan hennar var blá
og hún var með brúna skó á fótunum.

Við húsið hennar Bínu var mikið af blómum.
Bína sá lítið, blátt blóm.
Það var á bak við stóru blómin.
Sólin gat ekki skinið á það.
„Sjáðu bláa blómið,“ sagði Bína við brúðuna sína.
„Nú færi ég stóru blómin,
þá getur sólin skinið á bláa blómið.“
„Nei, sko,“ sagði Bína við brúðuna sína,
„það er að brosa til okkar, bláa blómið.“



Hér er blómið hennar Bínu.
Nú mátt þú lita það vel.

Skrifaðu stafina, sem vantar:



f__eki



f__étta



f__agg



f__akki



f__æ



f__ú

Flosi og Fríða fóru niður að læk.

Þar átti Flosi fleka.

Flosi fór að flétta reipi.

Hann batt reipið við flekann.

Flosi fann staur.

Hann batt reipið í staurinn.

„Nú flýtur flekinn ekki frá mér

á meðan ég smíða fleka

fyrir þig, Fríða mín,“ sagði Flosi.

Fríða fann fræ.

„Ég fann lítið fræ,“ sagði Fríða.

„Nú set ég fræið niður

á meðan þú smíðar.“

Fríða fann fleiri fræ.

Hún setti þau niður í röð.

„Frá, frá, Fríða mín,“ sagði Flosi.

„Nú læt ég flagg á fína

flekann þinn og ýti á flot.“

Dragðu strik undir það sem rétt er:

Fríða var að smíða.

Flosi var að flétta reipi.

Flekinn flaut frá Flosa.

Fríða fann flagg.

Fríða setti niður fræ.

Gátur.

Skrifaðu svarið á línuna hjá gátunni:

1. Ég hef ekki augu.
Ég hef ekki eyru.
Ég hef fjóra fætur.
Ég hef bak.
Þú getur setið á mér.
Hver er ég? _____
2. Ég er mjúkur.
Ég er í rúminu þínu.
Höfuðið á þér liggur á mér
þegar þú sefur.
Hver er ég? _____
3. Ég er mjúk og hlý.
Mér þykir gaman að leika mér.
Ég mala ef mér líður vel.
Ég veiði mýs og rottur.
Hver er ég? _____
4. Ég get verið lítil
og ég get verið stór.
Á mér eru tölu-stafir.
Ef þú lítur á mig
getur þú séð hvað tímanum líður.
Hver er ég? _____



Finndu og skrifaðu orðin sem vantar. Þau eru neðst á blaðinu:

Kisu þykir góð **mjólk** .

Kisa er mjög mjúk.

Kisa segir mjá.

Það er gaman að gefa kisu _____

Geiri á gott hjól.

Pabbi og mamma gáfu Geira hjólið.

Gummi er vinur Geira.

Gummi á líka hjól.

Þeir fóru út að hjóla.

Þeim þykir gaman að _____

Þeir hjóluðu út fyrir bæ.

Þeir hjóluðu upp að Ár-bæ.

Þar mættu þeir hjónum.

Hjónin voru líka úti að hjóla.

„Þessi hjón þekki ég,“ sagði Geiri.

„Þau búa rétt hjá mér.“

Hjónin veifuðu til Geira og Gumma.

Svo _____ þau áfram.



Þetta eru þeir _____ og _____
mjólk **hjóla** **hjóluðu**

Skoðaðu myndirnar, lestu svo orðin og skrifaðu þau við réttar myndir.

_____		þvottur		_____
_____		þrír		_____
_____		þrep		_____
_____		þjónar		_____
_____		þjöl		_____
_____		þjófur		_____

Það var vor og gott veður.
Þóra var í góðu skapi.
„Nú fer ég að þvo,“ sagði Þóra.
Og Þóra fór að þvo brúðu-fötin sín.
„Þetta er bara stór-þvottur
há þér, Þóra mín,“ sagði mamma.
„Já,“ sagði Þóra, „en hér eru bara þrír sokkar.
Þá er ég búin að týna einum.“
„Nei, hann liggur hér á þrepinu,“ sagði mamma.
„Það var gott, þá þvæ ég hann með hinum.“
„Þú þjónar brúðunni þinni vel,“ sagði mamma.
„Þú þjónar mér líka vel, mamma mín,
ég læri þetta af þér,“ sagði Þóra.
Þóra þvær og þvær og þvælir sápu í þvottinn.
Svo lætur hún þvottinn út á snúru.

Settu x við það, sem er rétt:

- ☐ Þrír sokkar voru á þrepinu.
- ☐ Þóra þjónar brúðunni sinni.
- ☐ Þrír þjónar sátu saman.
- ☐ Þóra þvælir sápu í þvottinn.
- ☐ Mamma þvær af Þóru og þjónar henni vel.

Þetta er saga af kisunni hans Kalla.
 Einu sinni sá hún kríu á kletti.
 Nú var kisa kát.
 Hjá klettinum var kjarr.
 Þar gat kisa falið sig.
 Hún fór inn í kjarrið á bak við klettinn
 og svo stökk hún á kríuna.
 En krían sá kisu og slapp frá henni.
 Kisa fór þá heim til Kalla.
 Hann sat úti á steini með krús.
 Það var krabbi í krúsinni.
 Kisa skoðaði krabbann vel
 og fór svo með loppuna ofan í krúsina.
 En krabbinn er með klær
 og hann kleip í loppuna á kisu.



Dragðu strik að því sem er rétt:

Kalli sat á

stól.
kassa.
steini.

Kisa sá

Kalla með kríu.
krabba í krús.
kríu í kofa.

Krabbinn kleip í

kríu-stél.
Kalla.
loppu.

Úti í búð:



Mamma og Ása, Ari, Óli og Anna fóru út í búð
að kaupa hitt og þetta.

Mamma kaupir _____

Ása kaupir _____

Ari kaupir _____

Óli kaupir _____

Anna kaupir _____

Það er fleira til í búðinni.

Hvað kaupa þau í viðbót?

Lestu þetta eins oft og þú þarft, og svaraðu svo spurningunum:



Hrói og Hrönn
eru úti í hrauni.
Þeim þykir gaman
að leika sér í hrauninu.
Þar eru djúpar lautir
og mjúkur mosi.
Þar eru líka djúpar
gjótur og stórar gjár.



Einu sinni voru Hrönn og Hrói
að tína ber í hrauninu.
Þá hrasaði Hrönn
og rann ofan í gjótu.
Hrönn var hrædd.
Hún hrópaði á Hróa.
Hrói kom og tosaði Hrönn upp.
„Það var lán að gjótan
er ekki djúp,“ sagði Hrói.
Síðan er Hrönn hrædd í hrauninu
og gætir þess vel
að detta ekki í djúpar gjótur og gjár.

Hvar léku Hrói og Hrönn sér? _____

Hvað kom fyrir Hrönn? _____

Hvað sagði Hrói? _____

Hvaða hættur eru í hrauni? _____

Hlynur og Þráinn voru úti í hlöðu.

Þeir voru að fela hlut.

„Það er ekki gott að fela hlut í hlöðu,“ sagði Hlynur.

„Nei, það er ekki gott,“ sagði Þráinn, „við skulum koma út á hlað.“

„En það er ekki gott að fela hlut úti á hlaði,“ sagði Hlynur.

„Nei, við skulum bara koma í kapp-hlaup,“ sagði Þráinn.

„Já,“ sagði Hlynur, „við skulum hlaupa af hlaðinu og út að Krumma-kletti og til baka.“

Hlynur og Þráinn hlupu og hlupu.

Laf-móðir komu þeir

sam-tímis að Krumma-kletti.



Já eða nei:

Voru Hlynur og Þráinn í hlöðunni?

Voru þeir að fela hlut á hlaðinu?

Fóru þeir í kapp-hlaup?

Hló Hlynur?

Datt Þráinn?

Hlupu þeir að Krumma-kletti?

Voru þeir móðir?



Hvað sérðu hér? Svaraðu já eða nei:

Sérðu krakka leika sér? _____

Sérðu mús í holu? _____

Sérðu mann með hatt? _____

Sérðu konu með kött? _____

Sérðu rólu og salt? _____

Sérðu bát á sjó? _____

Sérðu bíla og hjól? _____

Sérðu mann í bíl? _____

Sérðu fána og sól? _____

Sérðu fé á beit? _____

Sérðu kúr og geit? _____

Sérðu hana með stél? _____

Sérðu konu með poka? _____

Sérðu krakka í snú-snú? _____

Rím. Skrifaðu stafina sem vantar:

Pabbi er úti að aka.
Mamma er að b_____.



Geiri er að hjóla.
Gunna er að r_____.

Kári er að smala.
Kísa er að m_____.



Afi er að smíða.
Amma er að sn_____.

Skúli er með skötu.
Fríða er með f_____.

Snorri er með snæri.
Fúsi er með f_____.

Busi er með bíl.
Finna er með f_____.



Boli er að baula.
Bína er að r_____.

Sóley fór í sveit.
Þá sá hún fé á b_____.

Skoðaðu myndirnar, lestu svo orðin og skrifaðu þau við réttar myndir.



„Á ég að segja þér drauga-sögu?“
sagði Lauga við Veigu.
„Nei, ég vil ekki heyra drauga-sögu,“ sagði Veiga.
„Eigum við þá að koma í grýlu-leik?“ sagði Lauga.
„Ég á grímu, ég get verið Grýla.
„Ég vil ekki fara í ljóta leiki,“ sagði Lauga.
„Jæja, þá skal ég segja þér góða sögu,“ sagði Veiga.

„Einu sinni var dreki.
Hann lá í grænu grasi og grét.
Hann grét af því hann var svo ljótur.
Hann grét af því hann var svo ein-mana.
Þá heyrði hann lága rödd sem sagði:
„Hættu að gráta, dreki minn,
ég vil vera vinur þinn,
ég er líka dreki og ég er líka ljótur
en svona eiga drekar að vera.“
Drekinn hætti að gráta og fór að
leika sér við hinn drekann í græna grasinu.“

Já eða nei:

Fóru Lauga og Veiga í grýlu-leik?
Átti Lauga grímu?
Kunni Veiga drauga-sögu?
Var drekinn að gráta?



Auður er í skóla.

Einar er ekki í skóla.

Auður segir Einari sögur úr skólanum.

„Í dag vorum við að læra um sólina,

Einar minn,” sagði Auður,

„sólin er hnöttur.“

„Hvað er hnöttur?“ sagði Einar.

„Er það sama og köttur?“

„Nei,” sagði Auður, „hnöttur er kúla,

og við búum líka á hnetti.“

„Ef við búum á hnetti, sem er kúla,

þá getum við dottið af honum,” sagði Einar,

„og ég vil ekki detta út í geim.“

„Þá værir þú bara **geim-fari**,” sagði Auður.

„En það er ekki hættu á að

þú dettir af hnettinum,

hann er svo stór.“


Það þótti Einari gott að heyra.

Dragðu strik undir það sem rétt er:

Einar er **geim-fari**.
Við búum á hnetti.
Sólin er hnöttur.

Auður er í skóla.
Köttur er hnöttur.
Einar er í skóla.





Þetta er snúra.

Á henni á að vera þvottur sem mamma var að þvo.
Nú lætur þú þvottinn á snúruna fyrir mömmu.

1. Þar eru bláar **buxur** sem Ari á.
2. Þar er græn peysa af Ásu.
3. Þar eru brúnar **buxur** af Óla.
4. Þar er bleik blússa sem Anna á.
5. Þar er líka dúkur með rauðum rósum.
6. Hjá snúrunni á að vera bali.
7. Sólin á að skína á þvottinn.
8. Það eiga að **vaxa** gul, rauð og blá blóm í græna grasinu fyrir neðan snúruna.
9. Búðu til snúru í viðbót ef þú kemur ekki þvottinum á þessa snúru.

Kata er með kvef.
 Hún liggur í rúminu.
 Hún er að lesa.
 Kata á lítið kvæða-kver.
 Henni þykir gaman að kvæðum.
 Nú notar hún tímann og lærir kvæði.
 Hún er búin að læra
 níu kvæði úr kverinu sínu.
 Svona er Kata dugleg.

Glúmur er bróðir Kötú.
 Hann er ekki með kvef.
 Hann er úti að leika sér við Glóa.
 Kata sér Glúm og Glóa
 út um gluggann.
 Hún sér að Glói er með gler.
 Kata ber í gluggann.
 „Gáðu að Glóa, Glúmur,“ segir hún,
 „Glói er með gler,
 hann má ekki gleypa glerið.“
 „Glói er vitur,“ segir Glúmur,
 „hann gleypir ekki gler.“



Dragðu strik frá setningu að réttu orði:

Kata les í
 Glúmur leikur við
 Kata er lasin, hún er með
 Glói er með

gler.
 kvæða-kveri.
 Glóa.
 kvef.

Lestu sögurnar og skrifaðu svo svörin á línurnar:

Trýna er lítil tik með mjótt trýni.
Hvað er Trýna að gera?
Er hún að hoppa upp í tré?
Liggur hún úti á tröppum?
Er hún að troða trýninu inn í holu?



Svar: _____

Hvað er í fötunni?


Tóta og Tumi sáu stóra fötu úti á hlaði.
Fatan var með loki.
„Hvað er í fötunni?“ sagði Tóta.
„Við skulum gá,“ sagði Tumi.
„Nei, sko, það er tjara.“
„Má ég sjá?“ sagði Tóta og stakk
nefinu ofan í fötuna.
„Tóta þó,“ sagði Tumi, „nú er tjara
á nefinu á þér.“
„Ég þvæ hana bara af,“ sagði Tóta.
En Tóta náði ekki tjörunni af.
Þá fór hún að gráta.
Í sama bili kom mamma.
„Sjáðu mamma,“ sagði Tumi.
„Tóta er með tjöru á nefinu.“
„Tóta sóði,“ sagði mamma og hló.
„Hættu að gráta, ég næ tjörunni af með olíu.“



Hvað kom fyrir Tótu? _____

Hvað var í fötunni? _____

Halla bullar,
Dalla sullar,
hellir í bolla,
fellir um koll
fulla dollu
af drullu-malli.
Skall í poll
fyrir utan höll.
Fann svo gull
og ull af rollu
uppi í fjalli.
Og sagan er öll.



Rímaðu og skrifaðu rímorðin á línurnar:

bolli	pollur	dolla	skalli
sk_____	k_____	r_____	h_____
gull	höll	pallur	bíll
b_____	tr_____	st_____	f_____
s_____	fj_____	hn_____	d_____
f_____	mj_____	d_____	s_____

Steinn er að prófa Hrein.
Hann segir: „Eru einn og einn tíu?“
„Nei,“ segir Hreinn, „einn og einn eru ekki tíu.“
„Eru tveir og tveir níu?“ segir Steinn.
„Nei,“ segir Hreinn, „tveir og tveir eru ekki níu.“
„Ef ég á tvö prik og þú átt tvö prik
eru það þá fjögur prik?“
„Já,“ sagði Hreinn, „tvö prik og tvö prik
eru fjögur prik.“
„Þetta var rétt hjá þér,“ segir Steinn,
„og nú máttu prófa mig.“
„Segðu mér þá,“ segir Hreinn.
„Eru tíu og tíu tveir?“
„Nei, tíu og tíu eru ekki tveir,“ segir Steinn.
En einn teinn og annar teinn,
eru það þá tveir teinar?
„Já,“ segir Steinn, „það eru tveir teinar
því að einn og einn eru tveir.“

Rímaðu nú:

 einn
b
s
t
n
st
hr

Settu þr á strikin og skrifaðu svo rétt orð við myndirnar:

 ik

 ófa

 úður


 íla

 ímus

 ammi

 ýði





Þetta er hillan hans Bolla.

1. Hún er rauð.
2. Þar eru tvær bækur.
3. Þar er gul kúla.
4. Þar er grænn bátur.
5. Bolli á bláan bíl,
hann er fyrir neðan hilluna.
6. Hjá hillunni er Bolli.
7. Hann er í bláum buxum á brúnum skóm.
8. Hann er í peysu. Þú mátt ráða
hvaða lit þú hefur á henni.
9. Bolli er með bók.
10. Hann er að lesa í bókinni.



Rím:

Slangan hefur langa tungu
og hún hefur líka l_____.

Hænu-ungi er ekki þungur
því að hann er svo smár og u_____.

Inga gengur út á engi,
hún má ekki vera l_____.

Hér er þessi fíni hringur,
hann passar á Ingu f_____.

Ég sá Manga úti að ganga,
hann var að fara fram á t_____.

Leiðin hún var nokkuð löng
en hann hoppaði og s_____.

Fyrir framan hann var bunga,
þar fann Mangi lóu-u_____.

Rímaðu nú og skrifaðu orðin á línurnar:

göng

finger

engi

angi

l_____

b_____

l_____

l_____

t_____

st_____

m_____

t_____

sp_____

gl_____

r_____

v_____

þr_____

hr_____

h_____

f_____

Dragðu strik frá setningu að rétttri klukku:

Hann Óli hefur nóg að gera á daginn.
En hann þekkir ekki á klukku og það er ekki gott.
Eigum við að kenna honum að þekkja á klukku?



Klukkan er 8,
þá fer Óli á fætur.



Klukkan er 9,
þá fer hann í skólann.



Klukkan er 9.30,
þá er matartími í skólanum.



Klukkan er 12,
þá fer Óli heim í mat.



Klukkan er 1.30,
þá fer hann út í búð
fyrir mömmu sína.

Klukkan er 2,
þá fer Óli út að leika sér.


Klukkan er 3.30,
þá kemur hann inn að drekka.

Klukkan er 4,
þá fer Óli að læra.

Klukkan er 7,
þá kallar mamma á
Óla í mat.

Klukkan er 8.30,
þá fer Óli að háttá.





Þetta er fiska-búr.
Það er úr gleri.
Nú er það **tómt**.
Þú mátt fylla það.
Litaðu gulan **sand** á **botninn**.
Láttu þrjá brúna steina á **sandinn**.
Settu þrjár bleikar **skeljar** á steinana.
Láttu græn grös gróa í **sandinum**.
Í búrinu eru tíu gull-fiskar.
Litaðu þrjá fiska rauða.
Litaðu fjóra fiska bláa.
Nú eru þrír fiskar ólitaðir.
Þú mátt ráða hvaða lit þeir fá.

Lærðu nöfn daganna:

Það var sunnudagur. Veður var ekki gott.
Sveinn og Svala gátu ekki verið úti.

Svala: Hvað eigum við að gera, sem gaman er að?
Eigum við að geta gátur?

Sveinn: Æ-nei, förum í rímleik, sá vinnur,
sem finnur fleiri orð.

Svala: Nei, nú veit ég, hvað við gerum.
Við reynum að búa til þulu.

Sveinn: Já, það skulum við gera.
Við skulum búa til þulu um dagana.

Svala: Í dag er sunnudagur,
þá eiga allir frí.

Sveinn: Á morgun mánudagur
og vinna hefst á ný.

Svala: Þá kemur þriðjudagur,
þetta veit ég sjálf.

Sveinn: Og svo er mið-viku-dagur
og þá er vikan hálf.

Svala: Sá fimmti er fimmtudagur,
það er alveg satt.

Sveinn: Og síðan föstudagur.
Já, þetta gengur glatt.

Svala: Þá loks er laugardagur
og liðin vikan er.

Sveinn: Við höfum talið dagana
svo sem vera ber.



Hvað eru dagarnir margir? _____
Hvað heita þeir? _____

Gátur.

Svarið getur þú skrifað á línuna við gátuna.

1. Ég er lítil og grá
og dug-leg að naga.
Ég bý í holu
og mér er illa við kisu.

Hver er ég? _____

2. Ég er ekki stór
en nokkuð flatur
og svolítið mjór.
Ég hef hár.
Ef þú notar mig daglega
gæti ég þess að þú fái ekki tann-pínu.

Hver er ég? _____

3. Ég er stór og hvítur.
Ég hef langan háls.
Ég flýg og syng vel
og svo kann ég að synda.

Hver er ég? _____

4. Ég er löng og mjó
og með eitt auga.
Ef þú gætir þín ekki
getur þú meitt þig á mér.

Hver er ég? _____



Ég er nál.



Ég er svanur.



Ég er tann-bursli.



Ég er mús.

Lestu og æfðu þessi orð:

Árs-tíðir.

vetur

snjór

snjó-hús

snjó-karl

vor

hlýna

sippa

hoppa

sumar

grasið

blómin

létt-klædd

haust

gulnar

fölna

kólna

Lestu nú þetta og skrifaðu feitletruðu orðin við rétta mynd:

1. Það er **vetur** og snjór úti.
Það er gaman úti í snjó.
Úr snjónum búa börnin til
snjó-hús og snjó-karla.



2. Það er **vor** og veður
er farið að hlýna.
Börnin sippa og hoppa í París
og bráðum er skólanum lokið.



3. Það er **sumar** og sólin skín.
Grasið grær og gul, rauð
og blá blóm brosa við sól.
Létt-klædd börn
leika sér í grænu grasi.



4. Það er **haust**. Veður er farið að kólna.
Grasið gulnar, blómin fölna.
Trén missa laufin sín
og nú fara börnin í skólann að nýju.



- Bls. 26 Æfð samhljóðasamböndin kl, kr og kj. Lestrar- og athyglisæfing.
- 27 Blaðið skýrir sig sjálft. Barnið ákveður hvað hver kaupir.
 - 28 Æfð samhljóðasamböndin hr, gj og dj. Lestrar- og athyglisæfing.
 - 29 Æft samhljóðasambandið hl. Lestrar- og athyglisæfing.
 - 30 Lestrar- og athyglisæfing.
 - 31 Æft langt sérhljóð. Við höfum kallað slík orð **teygjuorð**. Við látum sem börnin hafi teygju í höndunum, þau teygja teygjuna jafnlengi og þau segja langa sérhljóðið.
 - 32 Æfð samhljóðasamböndin dr og gr og uppgómmæltu g-önghljóðið eins og í orðinu sög.
 - 33 Æft samhljóðasambandið hn. Vakin athygli á orðinu **geimfari**.
 - 34 Lestur og teikning. Vakin athygli á x. Barnið les textann fyrst, síðan hvert einstakt atriði og teiknar og litar samkvæmt þeim fyrirmælum.
 - 35 Æfð samhljóðasamböndin gl og kv.
 - 36 Æfð samhljóðasamböndin tr og tj.
 - 37 Æft ll sem dl í framburði.
 - 38 Æfð samhljóðasamböndin pr og tv og nn sem dn í framburði.
 - 39 Lestur og teikning.
 - 40 Æft samhljóðasambandið ng. Vakin athygli á mismun ritháttar og framburðar. Rím.
 - 41 Lestraræfing. Lært að þekkja á klukku.
 - 42 Lestur og teikning. Æfð þrj-nd. Athugið feitletruðu orðin.
 - 43 Kennd daganöfnin. Samtalsæfing.
 - 44 Sjá 23. bls.
 - 45 Lestraræfing. Kennt um árstíðirnar.
 - 46 Léttar krossgátur: Lóðréttu orðin eru: vor, sumar, haust, vetur. Kenna orðin: **lárétt, lóðrétt**.
 - 47 Eltisþjöld: Þegar búið er að klippa blaðið í sundur eftir svörtu, heilu strikunum höfum við 14 lítil þjöld. Á hverju þjaldi er mynd og orð og eiga þau ekki saman. Leikurinn er í því fölginn að taka fyrsta þjaldið, sem merkt er: **Byrja hér**, leita síðan að þjaldi með orði sem á við myndina, „myndin kallar á orðið“, og leggja það fyrir aftan og þannig koll af kolli uns öllum myndum og orðum hefur verið raðað rétt saman. Einnig má hafa leikinn þannig að klippa í sundur litlu þjöldin eftir punktalínunum, raða myndunum og réttum orðum fyrir neðan, snúa síðan orðasþjöldunum við og reyna að skrifa orðin eftir minni.

1. útgáfa 1971 (2. hefti)

2. útgáfa 1973 (3. hefti) breytt til samræmis við gildandi reglur um staf- og greinarmerkjasetningu

1979 önnur prentun

1984 þriðja prentun

1987 fjórða prentun

1988 fimmta prentun

1989 sjötta prentun

TIL KENNARANS

Þriðja hefti bókarinnar **Leikur að orðum** er ætlað til upprifjunar og til vinnu við lestrarnám líkt og fyrri heftin, en er að sjálfsögðu nokkru þyngra vegna þess m.a. að nú eru samhljóðasamböndin æfð. Miðað er við að búið sé að lesa samþærilegt efni í lestrarkennslubókum, auk fyrsta og annars heftis af **Leik að orðum**. Einnig þessu hefti er ætlað að gegna mikilvægu hlutverki við að æfa börnin í að lesa í hljóði og vinna sjálfstætt, þó ekki án handleiðslu.

Til þess að kennari geti auðveldlega séð að börnin hafi lesið og skilið það sem þau fóru yfir, fylgja létt verkefni til úrlausnar.

Ætlast er til að kennari lesi fyrir börnin fyrirmælin á blaðsíðunum meðan þess gerist þörf og útskýri þau. Oft er þörf enn meiri æfinga á atriðum þeim sem við er fengist í þessari bók; er þá tilvalið að búa til hliðstæð verkefni eða t.d. elti-spjöld, lík síðasta blaði bókarinnar. Á öðrum stað er gerð nánari grein fyrir hvað æft er hverju sinni.

HÖFUNDAR

